

Stjórnarfundur í FENÚR 27. Janúar 1999, haldinn á skrifstofu SORPU kl. 13:30

Viðstaddir: Ingi Arason, Jóhannes Pálsson, Gunnar Bragason, Pétur Bjarnason, Magnús Stephensen og Ásmundur Reykdal.

Verkaskipting stjórnar:

Formaður, kjörinn á stofnfundi. Magnús Stephensen

Varaformaður: Gunnar Bragason

Ritari: Ingi Arason

Gjaldkeri: Jóhannes Pálsson

Meðstjórnandi: Pétur Bjarnason

Pátttaka varamanna:

Varamönnum, Þorvarði Hjaltasyni, Sorpstöð Suðurlands og Haraldi Ólafssyni, Furu, verði sendar fundargerðir stjórnar og önnur gögn, þannig að þeir séu ávalt sem best upplýstir um gang mála og eigi sem auðveldast að taka þátt í stjórnarstörfum, sé þess þörf.

Aðkoma starfsmanna SORPU að starfi FENÚR:

Ásmundur Reykdal, stöðvarstjóri SORPU, komi inn til aðstoðar og ráðgjafar t.d. varðandi tengslastörf við erlend samtök og einstaklinga og fundarritun. Skrifstofa SORPU aðstoði við ritun, bókhald og fjárvörslu í samráði við stjórnarmenn FENÚR. Fram kom hjá formanni, M.St. að framkvæmdastjóri SORPU, Ögmundur Einarsson, væri mjög velviljaður slíku fyrirkomulagi.

Verkdreifing framkvæmdastjórnar:

Almenn samskipti við erlenda og innlenda aðila og við stjórnvöld verða á höndum formanns, Magnúsar Stephensen.

Kynningarmál og útgáfa fræðsluefnis, Pétur Bjarnason.

Ráðstefnur og félagamál, Ingi Arason

Ráðgjafastjórn og starfshópar, Gunnar Bragason.

Umsókn um kennitölu félagsins:

Gengið var frá umsókn um kennitölu og sér formaður um að ljúka því máli.

Umsókn um inngöngu í ISWA:

Stefnt er að því að sækja um aðild að ISWA (International Solid Waste Association) og verður það gert á næstunni.

Vegna umsóknarinnar, er óskað eftir að stjórnarmenn FENÚR taki saman – Curriculum Vitae, hver fyrir sig og sendi formanni M.St. til samræmingar.

Ákveðið var að tilvonandi fulltrúar FENÚR hjá ISWA, verði Ingi Arason og Gunnar Bragason.

Fulltrúi FENÚR í DNR (Det Nordiske Renholdningsudvalg).
Samþykkt var að Ögmundur Einarsson, framkvæmdastjóri SORPU, yrði fulltrúi FENÚR hjá DNR. Ögmundur, hefur mörg undanfarin ár setið fundi ráðsins sem nokkurskonar fulltrúi fyrir Íslands hönd og er þar öllum innviðun vel kunnur.

Kynning á FENÚR í Umhverfisráðuneyti:

M.St. lagði fram efni á glærum, sem ætlað var til kynningar á félaginu í heimsókn í Umhverfisráðuneytið, sem farin verður strax að fundinum loknum.

Uppstilling í ráðgjafarstjórn:

Farið yfir uppstillingu í ráðgjafarstjórn FENÚR. Stefnt er að því að ljúka endanlegri uppstillingu fyrir næsta fund.

Stjórnarfundir:

Ákveðið að stjórnarfundir verði haldnir 1. Miðvikudag hvers mánaðar, kl. 15:30

Fundarboð verði með formlegum hætti og gögn send út í tíma.

Samþykkt var hugmynd um að prófa að halda símafundi til þæginda fyrir stjórnarmenn, sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Miðstöð slíkra símafunda yrði á skrifstofu SORPU, en þangað mæti stjórnarmenn búandi á höfuðborgarsvæðinu.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 3. Febrúar n.k.

Fundi slitið kl. 14:30

Fundarritari Ásmundur Reykdal.

Ingi Arason,
Gunnar Bragason,
Magnús Stephensen.

Jóhannes Pálsson,
Pétur Bjarnason,